



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið  
Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 132/595  
komudagur 11.1.2006

Reykjavík, 4. janúar 2006

*Efni: Umsögn vegna frv. til almennra hegningarlaga, 365. mál, heimilisofbeldi. .*

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 12.12.2005 vegna beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að veita umsögn um frumvarps til ofangreindra laga um almenn hegningarlög, 365. mál, heimilisofbeldi.

*Almennar athugasemdir:*


Velferðarsvið Reykjavíkurborgar styður setningu laga sem miða að því að bæta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis. Telja verður að það skref sem stigið er með frumvarpinu sé jákvætt í þeirri nauðsynlegri viðleytni opinberra aðila að sporna við og draga úr heimilisofbeldi. Mjög mikilvægt er að Alþingi staðfesti vanþóknun samfélagsins á heimilisofbeldi með lögfestingu ákvæða þar að lútandi.

Þrátt fyrir að áfram kunni að vera sönnunarvandi í þessum málaflokki er lögfesting ákvæða um heimilisofbeldi, að mati Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, táknræn yfirlýsing um að hart skuli taka á afbrotum gagnvart nákomnum, sem vonandi skilar sér fyrir eða síðar í fækkun afbrota af þessu tagi. Mikilvægt er að opinberir aðilar fylgist með því í framtíðinni hvort væntanleg lög á þessu sviði komi til með að fjölga kærnum, ákærum og sakfellingu í málaflokknum heimilisofbeldi. Einnig telur Velferðarsvið Reykjavíkurborgar að verði frumvarpið að lögum sé nauðsynlegt að kynna væntanlegar breytingar á almennum hegningarlögum vel út á við á meðal almennings en einnig félaga og stofnana er láta sig málefnið sérstaklega varða.

Að mati Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er talið rétt að fella niður núgildandi ákvæði 191. gr. almennra hegningarlaga sem varðar vanrækslu á framfærsluskyldu eins og lagt er til í frumvarpinu því telja verður að ákvæðið hafi ekki þjónað upphaflegum tilgangi sínum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mælir því með frumvarpinu og styður lagasetninguna.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Guðmundur St. Ragnarsson, lögfi

Afrit sent:  
Lögfræðiskrifstofa Reykjavíkurborgar